

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 4-2015

Tími: Mánudagur 23. mars 2015, kl. 9:00, Fundarsalur Nautaflatir, Keldnaholti.

Mætt: Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor og varaformaður, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson og Guðni Þorvaldsson. Þórdís Þórarinsdóttir boðaði forföll. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi.

### 1. Samþykkt fundargerða síðustu funda

Fundargerðir frá fundum 2-2015 og 3-2015 voru samþykktar án athugasemda.

### 2. Ráðning nýs rektors

ÁH gerði grein fyrir því að álit valnefndar hefði verið sent til viðkomandi umsækjenda 20. mars s.l. þar sem kallað var eftir andmælum þeirra við álit. Frestur var gefinn til 10. apríl n.k.

Ágústa Hlín Gústafsdóttir mannauðssérfræðingur var gestur fundarins en henni hafði verið falið að kalla eftir viðhorfum meðmælenda um tvo hæfustu umsækjendurna að mati valnefndarinnar. Hún gerði grein fyrir þeirri aðferðafræði sem notuð var þegar tekin voru viðtöl við umsækjendur en sama aðferðafræði var lögð til grundvallar í viðtölum við umsagnaraðila. Þar var tekið mið af eftirfarandi þáttum:

- ✓ Stjórnunarreynsla; daglegum rekstri, fjármálum og starfsmannastjórnun
- ✓ Leiðtogahæfni
- ✓ Samskiptafærni
- ✓ Stefnumótun og verkefnastjórnun
- ✓ Framtíðarsýn, nýsköpun og breytingastjórnun

Ágústa gerði glögga grein fyrir niðurstöðum viðtala sinna við þá umsagnaraðila sem hún leitaði til. Ákveðið var að leggja álit valnefndar og niðurstöður viðtalanna til grundvallar við áframhaldandi vinnu við ráðningarferlið.

Háskólaráðið mun taka lokaákvörðun sína þegar andmælafrestur umsækjenda um álit valnefndar liggur fyrir.

### 3. Næsti fundur

Stefnt er að því að halda næsta fund eigi síðar en 13. apríl n.k. Til hans verður boðað með dagskrá.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.